

29. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna 16. – 17. október 2015 á Akureyri

Ályktun um heilbrigðis- og húsnæðismál Lögð fram á 29. þingi LÍV 16. - 17. október 2015

29. þing Landssambands Íslenskra verzlunarmanna hvetur stjórnvöld til að hverfa af braut aukinnar kostnaðarþátttöku almennings í læknis- og lyfjakostnaði. Hluti almennra lífskjara felst í góðu aðgengi að fullkominni heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag. Slíkt aðgengi er best tryggt með því að kostnaður við reksturinn sé greiddur úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Jafnframt kallar þingið eftir raunhæfri húsnæðisstefnu og aðgerða af hálfu stjórnvalda enda gera aðstæður á húsnæðismarkaði ungu fólki nánast ókleyft að tryggja sér húsnæði við hæfi á viðráðanlegum kjörum.